

Göngu- og gleðivikan Á fætur í Fjarðabyggð



Gönguvikufjöllin fimm

Hólafjall milli Seldals og Fannardals (1001 m)

Andri í Eskifirði (901 m)

Sjónhnjúkur í Reyðarfjarðarbotni (1192 m)

Sandfell í Fáskrúðsfirði (743 m)

Goðatindur við Oddsskarð (912 m).

Fjallagarpur gönguvikunnar

Til þess að hljóta nafnbótina Fjallagarpur Gönguvikunnar þarf að safna stimplum hjá fararstjórum fyrir hvert gengið fjall. Fullstimpluðu skjali skal skilað til fararstjóra í lok síðustu göngu og er veitt viðurkenning fyrir afrekið.

Unglingar, fimmtán ára og yngri fá einnig viðurkenningu eftir að hafa gengið á þrjú af fimm verðlaunafjöllum að eigin vali. Börn og unglingar verða að vera í fylgd fullorðinna.

Gönguvikukortið



Stakar ferðir eða allur pakinn? Taka má þátt í stökum göngum eða viðburðum gönguvikunnar og er þá greitt fyrirfram eða á staðnum. Söluaðilar eru Ferðapjónustan Mjóeyri, Tanni Travel og Randulffs-sjónhúsi og hleypur gjald fyrir staka viðburði á verðbilinu kr. 1.000 til 3.000.

Einnig má taka allan pakkan með gönguvikukortinu. Það kostar kr. 15.000 og veitir aðgang að öllum viðburðum. Söluaðilar eru Ferðapjónustan Mjóeyri, Tanni Travel og á Randulffs-sjónhúsi. Einnig má kaupa kortið á staðnum hjá fararstjórum göngu- og gleðivikunnar.

Göngukort Ferðafélags Fjarðamanna og Göngufélags Suðurfjarða

Ferðafélag Fjarðamanna og Göngufélag Suðurfjarða gefa út almennt göngukort fyrir Fjarðabyggð. Það kostar kr. 1.500 og eru söluaðilar þess eftirtaldir:

Neskaupstaður: Fjarðasport, Nesbær og Hótel Edda

Eskifjörður: Randulffs-sjónhús, Shell skálinn og Ferðapjónustan Mjóeyri.

Reyðarfjörður: Sölskáli Olís, Veiðiflugan og Íslandspóstur.

Stöðvarfjörður: Brekkan

Mjóifjörður: Sólbrekka

Egilsstaðir: Upplýsingamiðstöð Austurlands